



SAMPÝKKT UM UMGENGNI OG ÞRIFNAÐ UTANHÚSS Á AKRANESI

1. gr.

Eigendum eða umráðamönnum húsa og lóða er skylt að halda eignum vel við, hreinum og snyrtilegum þ.a.m. húsum, lóðum og girðingum. Ekki má haga hreinsun húsa og húsmuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra, sbr. 18. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, sbr. 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

2. gr.

Bannað er að skilja eftir, flytja eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir um smærri hluti og t.d. kerrur, bíhluta, bílflök, o.s.frv. sbr. 1. mgr. 20. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, sbr. 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Óheimilt er að nota lóð sem geymslustað fyrir t.d. bílhrae og þess háttar. Lóð sem er notuð til geymslu á slíku, skal skerma af með skjólveggjum sem samþykktir eru af byggingarfulltrúa. Girðing eða skjólveggur á mörkum lóða er alltaf háður samþykki beggja lóðarhafa óháð hæð girðingar eða skjólveggs, sbr. 7.2.3. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 sbr. 1. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

4. gr.

Bifreiðar og önnur skráningarskyld ökutæki sem geymd eru á lóðum íbúðarhúsa skulu geymd á þar til gerðum bílastæðum.

5. gr.

Óheimilt er að geyma báta, kerrur, skráningarskyld ökutæki án skráningarmerkja, tæki, vinnuvélar, bílflök eða aðra hluti á bifreiðastæðum sveitarfélagsins, við götur og/eða á almannafæri. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fjarlægja slíka hluti á kostnað og ábyrgð eiganda að undangenginni viðvörun t.d. með álímingarmiða sbr. 21. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, sbr. 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

6. gr.

Telji heilbrigðisnefnd svo alvarlega hættu stafa af geymslu hlutar eða tækis sbr. 5 gr. aðgerð þoli enga bið er heimilt að fjarlægja slíka hluti eða tæki án viðvörunar.

7. gr.

Þeir sem annast flutninga á almannafæri, skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði sbr. 2. mgr. 20. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002, sbr. 2. tl. 4. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.





8. gr.

Eigi má haga hreinsun fasteigna eða lausamuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar umhverfis.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd sem sér um heilbrigðismál á Akranesi hverju sinni, ber ábyrgð á heilbrigðiseftirliti og framkvæmd þess sbr. 1. mgr. 59. gr. reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer að öðru leyti eftir lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

11. gr.

Ofangreint var samþykkt í bæjarstjórn Akraness og staðfestist hér með skv. 25 gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til að öðlast gildi við birtingu.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði Akraness þann 28. september 2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 13. október 2015.

Regina Ásvalda Þóttir
Regina Ásvalda Þóttir
bæjarstjóri